

Starfsfóstri

- Leonardo da Vinci starfsmenntaáætlun ES verkefni.
- Yfirfærsla – Transfer of Innovation. Yfirfæra eitthvað sem áður er búið að þróa á annað svið og önnur lönd.
- Work Mentor. Taka við námsefni frá skóla í Wales til að þjálfa mentora fyrir nemendur sem eiga erfitt í skólanum.
- Yfirfæra og aðlaga efnið því að verða fræðsla fyrir leiðbeinendur á vinnustað. Leiðbeinandi verði mentor/starfsfóstri þess sem kemur í vinnustaðanám. Mentorar á vinnustöðum geti betur sinnt nemendum í vinnustaðanámi en líka nýliðum á vinnustaðnum.

Hvað er starfsfóstri?

- „Í nútímasamfélagi snýst starfsfóstrun í megindráttum um það að taka vel á móti nýjum starfsmönnum og vígja þá inn í menningu fyrirtækisins. Reyndari starfsmenn taka þá að sér hlutverk starfsfóstra og greiða þeim leiðina, í færni og félagslegri aðlögun.“
Sturla Jóhann Hreinsson (persona.is/vinnan)
- Markvissara vinnustaðanám, meðal annars almennt vinnustaðanám nemenda á almennri braut.
- Ekki verið að kenna fyrirtækjum að taka á móti nýliðum. Starfsfóstrun er aðferð sem gæti aukið árangur við að aðlaga nýliða og gagnast nýliða og fóstranum.

- VMA tekur þátt og stýrir Workmentor verkefninu.
- VMA sér tækifæri í að þróa vinnubrögð við vinnustaðanám sem skólinn hefur umsjón með.
- Ekki verið að útrýma eða vinna gegn samningsbundnu námi og nemasamningum.
- Tilgangurinn er að vinnustaðanám verði markvissara, til verði skilgreind markmið og viðmið um nám, frammistöðu og tækifæri fyrir nemendur að fá reynslu.
- Haustið 2012 þarf VMA að fá hóp tilvonandi starfsfóstra í samstarf.

Pilot, tilraunafasi.

- Á haustönn 2012 munu kennarar úr VMA vinna með tilvonandi starfsfóstrum af vinnustöðum á Akureyri.
- Búið er að útbúa grunn að námsefni sem nýtist, ekki ætlast til að starfsfóstrar lesi heldur verður efnið notað á námskeiði.
- Stutt námskeið og áframhald þegar fóstrinn hefur tekið við nemanda í vinnustaðanám.
- Námskeið í október, para saman nemanda og vinnustað í nóvember. Byrja vinnustaðadvöl í janúar.
- Fá upplýsingar frá starfsfóstrum og nemendum til að meta árangurinn. Haustið 2013 verður verkefninu lokið.

Námskeið

- VMA þarf að fá aðstoð fyrirtækja og stofnana. Markmiðið er að nýliðar aðlagist fyrr og betur.
- Námskeiðið verður um viðhorf, samskipti, markmið, leiðir og tilfinningar. VMA getur ekki kennt fólki um vinnustaðina.
- Tvisvar eftirmiðdagur, 2- 3 klst hvort skipti.
- Þegar nemandinn fer á vinnustað í nóvember. Kynna vinnustaðinn, nemanda og starfsfóstra. Eftir það ca 1 klst með starfsfóstra og leiðbeinanda um hvað stendur til.
- Síðasta skipti í janúar þegar nemandinn hefur byrjað vinnustaðanámið. Um 1 klst til að fara yfir fósturferlið.

Ávinningur

- VMA vonast til að þetta gefi ýmsan ávinning.
- Betri tengsl VMA og vinnustaða.
- Öflugri starfsmenn / starfsfóstra sem þekkja betur til vinnustaðarins og þess hvernig er unnið með nýliðum.
- Betri líðan nemenda í vinnustaðanámi. Betri árangur þeirra og meiri áhuga á að sinna þeim störfum sem þeir kynnast.
- Viðurkenningu á hlutverki starfsfóstra og á námskeiðinu.
- Stéttarfélög og atvinnurekendur þekki og meti þjálfun starfsfóstra.